

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kaптúnunum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fry. þetta er flutt samkvæmt ósk Læknafélags Íslands. Með bréfi, dags. 16. febr. 1959, fór stjórn félagsins þess á leit, að nefndin flytti eftirfarandi breytingartillögu við lög um almannatryggingar frá 1956, 52. gr., b-lið:

„Í sjúkrasamlögum í kaupstöðum og kaптúnunum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, getur sjúkrasamlagsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að samlagsmenn skuli greiða jafnhátt gjald og samlagsmenn á 1. verðlagssvæði.“

Nefndin athugaði og ræddi þessa tillögu og leitaði umsagnar tryggingaráðs og landlæknis um hana. Tryggingaráð svaraði á þann veg, að það féllist á að mæla með breytingartillögunni, en frá landlækni hefur ekki borizt nein umsögn. Að athuguðu máli og fenginni umsögn tryggingaráðs ákvað nefndin að flytja frumvarpið. Framsögumaður var kosinn Alfreð Gíslason.

Beiðni stjórnar Læknafélags Íslands um flutning ofangreindrar breytingartillögu fylgdi svofelld skýring:

„Tilmæli þessi eru fram komin vegna eindreginna tilmæla praktiserandi lækna á Selfossi og í Njarðvíkum.

Samkvæmt fyrrgreindum lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir, að einungis samlagsmenn á 1. verðlagssvæði greiði sérstakt gjald fyrir vitjanir og viðtöl á lækningastofu.

Þetta hefur valdið óánægju í þéttbýlum læknishéruðum, þar sem auk héraðslæknis eru starfandi (praktiserandi) læknar, svo sem á Selfossi og í Njarðvíkum. Þá er þetta hvímléitt, þar sem sami læknir starfar í senn á 1. og 2. verðlagssvæði og svæðin liggja e. t. v. sitt hvorum megin við sömu götunua, svo sem t. d. hagar til um Reykjavík og Seltjarnarnes eða Keflavík og Njarðvík.

Þegar upp var tekið sérstakt gjald fyrir viðtöl og vitjanir með lögum um almannatryggingar frá 1956, var fastagjald til sjúkrasamlagslækna á 1. verðlagssvæði lækkað um 14%. Að sjálfsögðu mundu sjúkrasamlög á 2. verðlagssvæði verða aðnjótandi sams konar lækkunar á fastagjöldum, ef þau tækju upp þá greiðslutilhögun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og tillagan ber með sér, kemur umrædd breyting ekki til framkvæmda í sjúkrasamlagi á 2. verðlagssvæði, nema til komi samþykki Tryggingastofnunar ríkisins, og ætti þar með að vera tryggt, að hvorki væri gengið á hlut sjúkrasamlags né einstaklinga.

Þess skal getið, að greind breytingartillaga hefur verið borin undir forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og heilsugæzlustjóra ríkisins, og eru þeir henni samþykkir.“